ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

NÍTJÁNHUNDRUÐ SKEMMTILEGT KAFFILEIKHÚS!

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*

Í lau. 19/2 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 20/2 kl. 14:00 **uppselt**, **aukasýning lau. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 27/2 kl. 14:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*

Í kvöld lau. 19/2 **uppselt**, lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning örfá sæti laus**, lau. 2/4 **örfá sæti laus**, sun. 3/4 **nokkur sæti laus**.

MÝRARLJÓS - *Marina Carr*

4. sýn. sun. 20/2 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 24/2 **örfá sæti laus**, 6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **nokkur sæti laus**.

ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*

11. sýn. fös. 25/2 **nokkur sæti laus**, lau. 5/3, fim. 10/3. **Sýningum fer fækkandi.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*

Í kvöld lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2. **Sýningum fer fækkandi.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

GRJÓTHARÐIR - *Hávar Sigurjónsson*

Frumsýning fim. 24/2 uppselt, sun. 27/2 **örfá sæti laus**, fim. 3/3, sun. 6/3, sun. 12/3. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*

Sun. 20/2 **örfá sæti laus**, fim. 24/2 **örfá sæti laus**. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

AUSA - Einstök leikhúsperla

Stóra svið

HÍBÝLI VINDANNA leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Fö 25/2 kl 20,
Lau 26/2 kl 20 - UPPSELT
Fö 4/3 kl 20 - UPPSELT, Lau 5/3 kl 20,
Su 13/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20,
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR e. Astrid Lindgren
Su 20/2 kl 14, Su 27/2 kl 14
Su 6/3 kl 14 - AUKASÝNING
SÍÐUSTU SÝNINGAR

HÉRI HÉRASON e. Coline Serreau
SÝNINGAR HALDA ÁFRAM EFTIR PÁSKA

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana
Forsala aðgöngumiða hafin

Nýja svið, Litla svið og Þriðja hæðin

BELGÍSKA KONGÓ e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 20/2 kl 20 - UPPSELT
Fi 24/2 kl 20 - UPPSELT, Fö 25/2 kl 20
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
Allra allra síðustu sýningar

AUSA eftir Lee Hall - Í samstarfi við LA
Í kvöld kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20
Ath: Miðaverð kr 1.500

SVIK eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, Sögn ehf og LA.
Su 20/2 kl 20. Su 27/2 kl 20,

SEGÐU MÉR ALLT e. Kristínu Ómarsdóttur
Í kvöld kl 20,
Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20,
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20

AMERICAN DIPLOMACY
eftir Þorleif Örn Arnarsson
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Forsýning má 21/2 kl 20 - 1.000
Forsýning þri 22/2 kl 20 - 1.000
Aðalæfing mi 23/2 kl 20 - 1.000
Frumsýning fi 24/2 kl 20 - UPPSELT
Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson, Í samstarfi við TÓBÍAS
Fö 25/2 kl 20,
Mi 2/3 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur
Frumsýning fö 4/3 kl 20
Su 6/3 kl 20,
Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20
Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

15:15 TÓNLEIKAR - HILDIGUNNUR HALLDÓRSDÓTTIR
SÓLÓ - KYNSLÓÐABIL FIÐLUNNAR
Í dag kl 15:15

VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ
Í samstarfi við Mími-símenntun
Mi 23/2 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbýli vindanna

BÖRN 12 ÁRA OG YNGRI FÁ FRÍTT Í BORGARLEIKHÚSIÐ Í FYLGD FULLORÐINNA - gildir ekki á barnasýningar!
LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan er opin: Mánud. og þriðjud.:10:00-18:00, mið-, fim- og föstudaga: 10:00-20:00, laugar- og sunnudaga: 12:00-20:00
Miðasölusími 568 8000 - miðasala á netinu: www.borgarleikhus.is

Óliver! *Eftir Lionel Bart*

Lau.	19.2	kl 20		Örfá sæti
Sun.	20.2	kl 14	aukasýn.	Örfá sæti
Fös.	25.2	kl 20		Örfá sæti
Lau.	26.2	kl 20		UPPSELT
Fös.	04.3	kl 20		Örfá sæti
Lau.	05.3	kl 20		Örfá sæti
Sun.	06.3	kl 20		Örfá sæti

Snjór í Hlíðarfjalli

Miðasölusími 4 600 200 leikfelag.is

Ath: Ósóttar pantanir seldar daglega!

LEIKFÉLAG AKUREYRAR



ÉG ER EKKI HOMMI
geggjað grínleikrit eftir DANIEL GUYTON
• Föstudag 4/3 kl 23 XFM SÝNING
Takmarkaður sýningafjöldi

"HREINLEGA BRILLJANT" EB DV

Loft KASTALINN
10 ÁRA 2005
☎ 552 3000
www.loftkastalinn.is

Loftkastalinn ✦ Seljavegi 2 ✦ 101 Reykjavík ✦ Miðasalan er opin frá 11-18


TOSCA

Landsbankinn

4. sýn. 20. feb. kl. **19 – Uppselt** • 5. sýn. 25. feb. kl. **20 – Uppselt**
6. sýn. 27. febrúar kl. **19 – Uppselt** • 7. sýn. 4. mars kl. **20 – Örfá sæti laus**
8. sýn. 6. mars kl. **19 – Örfá sæti** • 9. sýn.12. mars kl. **19 – Uppselt. – Síðasta sýning**
AUKASÝNING: Mið. 2. mars kl. 20
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 í boði Vinafélags Íslensku óperunnar
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst

Tosca – Vetrarkvöld með Puccini og Verdi, í Laugarborg mið. 23. feb. kl. 20.30
Elín Ósk Óskarsdóttir, sópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór og Kurt Kopecky, píanó flytja aríur og dúetta úr Toscu og öðrum óperum eftir Puccini og Verdi.
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

GERÐUBERG



SIGRÍÐUR Í VIGUR
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum

ROSEMARIE TROCKEL
Ljósmyndir · Skúlptúrar · Teikningar
Myndbönd

BARNAÓPERAN
UNDIR DREKAVÆNG
Leikskóla- og grunnskólakennarar, munið að bóka tímanlega!

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11-19 og kl. 13-17 um helgar

www.gerduberg.is

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

sýnir

Það sem getur komið fyrir ástina
Brotið
eftir Þórdísi Elvu ÞorvaldsdótturBachmann

Frumsýning 19.feb uppselt
Mið. 23.2 nokkur sæti laus
Fös 25.2
Lau 26.2
Sun 27.2

Upplýsingar og miðapantanir í síma 555 2222 www.hhh.is

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

M AUGLÝSINGADEILD M
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

Kaldhamraður myndheimur

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Brian Griffin

Til 27. febrúar.



Morgunblaðið/Jim Smart

Brian Griffin við portrett af eiginkonu sinni, Brynju Sverrisdóttur, og sjálfsmynd á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

SÝNINGIN Áhrifavaldar, sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, er fyrsta yfirlitssýningin á verkum breska ljósmyndarans Brian Griffin. Griffin, sem fæddur er árið 1948, hefur á liðnum áratugum myndað fyrir tímarit, auglýsingastofur og fyrirtæki, auk þess að vinna að persónulegum verkefnum. Ferill Griffins er hér ekki skoðaður í tímaröð, heldur litið til þeirra áhrifa, einstakra listamanna eða liststefna, sem mótað hafa þá sýn sem birtist í verkunum.

Fyrsta stóra verkefni Griffins eftir að hann lauk ljósmyndanámi var að mynda fólk í viðskiptaheiminum. Hann hafði nýlokið við Réttarhöldin eftir Kafka og upptendraður af þeirri reynslu gerði hann skrifstofuna að „kafkaískri“ leikmynd. Þannig hefur hann unnið síðan. Uppljómaður af expressjónismanum ákvað hann að portrett sín segðu eitthvað um „mínar innri tilfinningar þegar ég stæði frammi fyrir viðfangi mínu“. Meðal greinilegra áhrifavalda eru til dæmis Jacques Tati og þýski málarinn Casper David Friedrich. Útskýringar á þessum misgreinilegu áhrifavöldum greiða leið skoðenda að verkunum.

Annars má leiða að því líkum að bakgrunnur Griffins í miðhéruðum Englands, í málmiðnaði og kolum, hafi mótað myndsýn hans öðru fremur. Myndir Griffins eru afar formfastar og kaldhamraðar, og meginþorrinn svarthvítur – en hann hefur mun betri tök á svarthvítri reglufestu en litmyndum. Hann er ennfremur afar breskur ljósmyndari, arftaki stílbrigða sem Bill Brandt (1904–1983) mótaði og miðlaði til samlanda sem fetuðu í fótspor hans. Myndheimur Brandts var svarthvítur og kontrastmikill, byggðist á hreinum og klárum formum. Þannig má einnig greina samhljóm við myndheima yngri breskra ljósmyndara á sýningunni, við tískumyndir David Baileys og portrett Jane Bown, svo eitthvað sé nefnt.

Griffin er mikill formalisti og notfærir sér það óspart með agaðri leikstjórn. Hann er ekki að fanga form úr óreiðu umhverfisins, eins og algengt er með ljósmyndara sem mynda á svipaðan hátt og hann, heldur byggir hann upp senur kringum fyrirsæturnar. Fyrirsæta og ljósmyndari bregða iðulega á leik. Bestu portrettin eru oft þau einföldustu, þar sem lítið er um leikmuni. George Benn er svipmikill, þar sem pípustertur kemur nánast í stað nefsins, Sir George Martin vefur sig inní karton og það er frumlegt portrettið af Jonnie Tupie, með fótlegginn nánast fyrir andlitinu. Þá þekkja tónlistarunnendur Brian May, þótt myndað sé aftan á hárlubbann í einfaldri mynd. Leikstjórnin verður einum of mikil í öðrum portrettum, eins og í mynd af leikaranum Michael Gambon á hvolfi uppí sófa og í myndinni af Donald Sutherland, þar sem stóll er á hvolfi yfir höfði hans. Og Margaret Thatcher er fryst með byggingarhjálm á höfðinu inná skrifstofu; hvers vegna spyr maður og fátt verður um svör. En þetta eru formhreinar myndir og tökin á lýsingunni eru alltaf sterk, jafnvel í verkum með erfiða blandaða ljósgjafa.

Gaman hefði verið að sjá meira af myndum sem kalla mætti „snapshot“; ljósmynd tekin árið 1974 af annatíma á London-brúnni er áhrifamikil. Þarna er athyglisverð sería næturmynda, af ljósgeislum í nóttinni, og hæfileiki Griffins til að finna hluti í umhverfinu birtist vel í einni bestu mynd sýningarinnar, af einskonar beinagrind í húsarúst í Sheffield. Þá er Íslandstenging í lítilli, viðkvæmnislegri og kontrastmikilli mynd af Seljalandsfossi.

Persónulegar myndraðir Griffins eru athyglisverðar. Big Tie, 13 mynda sería í anda Duane Michaels þar sem bestu hæfileikar Griffins í lýsingu, byggingu og dramatík njóta sín vel, og myndir af Broadgate framkvæmdunum í City í London, þar sem Griffin sjálfur tekur að sér hlutverk fjallgöngumannsins í málverkum Caspars Davids og stendur einn andspænis hinum ofurfagra heimi; hér nýreistum byggingum og á himni skín bjart ljósið – flugeldur lýsir upp byggingasvæðið.

Margar mynda Griffins hafa birst á plötuumslögum og eru vel kunnar. Þarna eru hvítu skórnir hans Joe Jackson og litmyndin „Brotinn rammi“ sem birtist á plötu Depeche Mode árið 1982 en það hefur oft verið valið með bestu plötuumslögum síðustu áratuga.

Það er mikið líf í upphengingunni. Myndirnar eru misstórar, sumar í römmum, aðrar í kartoni og sumum fylgja kontaktprent af filmunum í heild sem áhugavert getur verið að skoða.

Baugur Group gaf Listasafni Reykjavíkur sýninguna eins og hún lagði sig og var það afar rausnarlegur gjörningur. Vonandi verður framhald á því samstarfi safns og fyrirtækis, því eitt og sér gæti ævistarf Brian Griffins orðið einangrað í geymslum Hafnarhússins þar sem lítið er um ljósmyndir. En ef framhald verður á, væri gaman að sjá heildarverk íslenskra ljósmyndara, og fleiri erlendra, byggja upp öflugt safn samtímaljósmynda innan vébanda Listasafns Reykjavíkur.

Einar Falur Ingólfsson

KRINGLU KRÁIN

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld

Leikhúsgestir munið glæsilegan matseðil S: 568 0878

KRINGLU KRÁIN